

**Nd.**

**470. Nefndarálit**

um frumvarp til markalaga.

Frá meiri hlutanum.

Nefndin ræddi málið á tveim fundum. Kom það strax í ljós, að ekki var um samkomulag að tala við flutningsmann frumvarpsins. Hann álitur frumvarpið mikla rjettarbót og telur enga frágangssök að lögleiða það nú þegar. Þó getur hann fallist á, að málið verði óútrætt á þessu þingi, en vill, að nefndin skrifi ítarlegt nefndarálit, svo þjóðin getin athugað þær ástæður, sem fram koma með og móti.

En til þess að gera rækilegan samanburð á kostum og göllum gömlu markanna og hinna nýju, hefði nefndin þurft að halda miklu fleiri fundi um málið, því að skrifari nefndar verður að hafa fyrir sjer kjarnaatriði hvers máls samþykkt á nefndarfundum til þess að geta skrifað nefndarálit í samræmi við vilja nefndarinnar. En meiri hlutinn áleit mál þetta hvorki svo mikils vert, að verjandi væri miklum tíma til að athuga það, nje neina nauðsyn á að færa ítarleg rök fyrir því í þingtiðindunum, þar sem kunnugt er, að allur þorri þjóðarinnar er breytingunni mótfallinn, enda er mál þetta svo vaxið, að hver einasti fjáreigandi í landinu, sem hefir heilbrigða skynsemi, getur myndað sjer skoðun á málinu með því að athuga frumvarpið og bera það saman við núverandi fyrirkomulag. Meiri hlutinn var sammála um það, að sú ástæða, að þjóðin er yfirleitt mótfallinn slíkri breytingu, sem hjer er um að ræða, væri svo þung á metunum, að ógerningur væri fyrir þingið að gera nokkuð í málinu að sinni.

Þetta markamál er eitt af þeim málum, sem verður að sjálfsgöðu að byggjast á almennum þjóðarvilja. Það hefur verið sjerrjettur hvers einasta fjáreiganda í landinu fram á þennan dag, að ráða því sjálfur, hvaða fjármark hann hefði. Og það er föst venja, að mörk gangi að erfðum, svo að hver kynslóðin fram af annari notar sömu mörkin. Þau fylgja ættunum. Sumir taka upp ný mörk, sem þeim þykir falleg, og kemur það ótrúlega sjaldan í bága við aðra. Af þessu leiðir, að hverjum þykir vænt um markið sitt, skoðar það eign sína, sem öðrum sje óheimilt að nota. Þar sem þetta er nú persónulegur rjettur manna að ráða því algerlega sjálfir, hver mörk þeir noti á fje sitt og engar kvartanir liggja fyrir um það, að eignarrjetti á fjenaði sje hættu búin, með því fyrirkomulagi sem er, enda ekki kunnugt, að þeir sem marka fje sitt vel og brennimerkja það reglulega hafi undan neinu að kvarta, þá sýnist okkur algerlega ótillhlýðilegt af löggjafarvaldinu að fara að taka ráðin af fjáreigendum landsins og lögleiða og valdbjóða nýja og gagngerða markabreytingu, sem fullkominn vafi er á, að tryggji eignarrjett manna á fjenaði eins vel og það markafyrirkomulag sem er og því síður betur.

Nefndin hefir ekki gert sjer neitt far um að flýta þessu máli, af því að hún álitur, að það eigi ekki að ganga fram á þessu þingi. Er nú komið að þingslitum, svo málið verður óútrætt. Má flutningsmaður una því vel, því enginn vafi er á því, að frumvarpið hefði fallið, ef það hefði komið til umræðu í deildinni aftur.

Alþingi 9. ágúst 1914.

Eggert Pálsson, Jón Jónsson, Þorleifur Jónsson.  
fórmaður.

Hjörtur Snorrason.